

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/2155**  
**komudagur. 11.5.2010**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2010  
RH/022/2010

**Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, 570. mál.**

Vísað er til tölvubrefs dags. 28. apríl 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Ekkert er því til fyrirstöðu hjá Tryggingastofnun að kalla fram umræddar upplýsingar úr tölvukerfum stofnunarinnar ef farið er fram á það á grundvelli laga.

Tryggingastofnun vill vekja athygli á því að ekki er getið í greinargerðinni með frumvarpinu um greiðslur frá Tryggingastofnun á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, né heldur greiðslur á grundvelli laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar nr. 40/2009. Tryggingastofnun telur heppilegra að tilgreina það sérstaklega að umræddar greiðslur falli ekki undir frumvarpið í stað þess að beita þurfi lögskýringum til þess að komast að þeirri niðurstöðu.

Að öðru leyti hefur Tryggingastofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

fh. Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur



Ragna Haraldsdóttir  
framkvæmdarstjóri Alþjóða- og stjórnsýslusviðs